

**Nr. 22-55 S 038 Gullver NS 12*****Skipverji slasast.***

*Skipaskr.nr.* 1661  
*IMO nr.* 8211851  
*Smíðaður:* Noregi 1983, stál  
*Útgerð:* Síldarvinnslan hf.  
*Stærð:* 674 BT  
*Mesta lengd:* 49,86 m *Skráð lengd:* 44,73 m  
*Breidd:* 9,5 m *Dýpt:* 6,6 m  
*Vél:* Mak 1303 kW, 1983  
*Fjöldi skipverja:* 15



Gullver©Hilmar Snorrason

***Gögn:***

*Lögregluskýrsla*  
*Gögn RNSA*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 7. júlí 2022 var Gullver NS 12 á togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: NV kaldi.

Skipverjar voru að taka pokann og slá á hann losunargils þegar pokinn slóst undir hægrí síðu eins skipverjans sem hentist upp og skall utan í rennubrún. Siglt var með slasaða í land.

***Við rannsókn kom eftirfarandi fram:***

- Þegar atvikið átti sér stað var kaldí og nokkur kvíka.
- Hinn slasaði beygði sig yfir poka botnvörpunnar.
- Pokinn var í rennu og skuthliðið uppi.
- Þegar strekktest á pokanum slóst hann í skipverjann og henti honum upp með þeim afleiðingum að hann lenti á rennubrún og kenndi sér meins.
- Skipverjinn reyndist minna meiddur en talið var.
- Um borð í skipinu er öryggisstjórnunarkerfi, áhættumat fyrir verkþætti og skriflegar vinnureglur.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til aðgæsluleysis við töku veiðarfæris.